

Ríkissaksóknari
06 301

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Ríkissaksóknari

kt. 530175-0229

Suðurlandsbraut 4, 6.hæð, 108 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákærvalds. Hann er skipaður af ráðherra ótímabundið og skal fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti við Hæstarétt. Ríkissaksóknara til aðstoðar eru vararíkissaksóknari, sem skal fullnægja sömu lagaskilyrðum og er einnig skipaður ótímabundið, saksóknarar og aðstoðarsaksóknarar.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 9 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 388,6 milljónir og afkoma kr. 3,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 12,4 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 72,0 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Ríkissaksóknara í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Ríkissaksóknara fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Sigríður J. Friðjónsdóttir
Ríkissaksóknari

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	386.000.000	338.000.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	<u>2.566.708</u>	<u>2.372.218</u>
Tekjur samtals		388.566.708	340.372.218
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	3	331.512.727	311.256.471
Annar rekstrarkostnaður	4	51.162.559	44.724.355
Afskriftir	5	<u>2.566.708</u>	<u>2.372.218</u>
Gjöld samtals		385.241.994	358.353.044
Afkoma fyrir fjármagnsliði		3.324.714	(17.980.826)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		<u>(2.251)</u>	<u>(2.676)</u>
		(2.251)	(2.676)
Afkoma ársins		<u><u>3.322.463</u></u>	<u><u>(17.983.502)</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6		
Áhöld, tæki og búnaður		7.686.314	9.059.968
Aðrar eignir		75.846	2.546
		<u>7.762.160</u>	<u>9.062.514</u>
Fastafjármunir samtals		<u>7.762.160</u>	<u>9.062.514</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	7	63.060.354	55.475.115
Handbært fé		1.205.026	1.226.401
Veltufjármunir samtals		<u>64.265.380</u>	<u>56.701.516</u>
Eignir samtals		<u>72.027.540</u>	<u>65.764.030</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	8		
Hrein eign		12.387.425	9.064.962
Eigið fé samtals		<u>12.387.425</u>	<u>9.064.962</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	7	1.273.967	0
Viðskiptaskuldir		2.520.157	1.476.403
Ýmsar skammtímaskuldir		38.848.069	37.058.035
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	9	16.997.922	18.164.630
Skuldir samtals		<u>59.640.115</u>	<u>56.699.068</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>72.027.540</u>	<u>65.764.030</u>
Aðrar upplýsingar	10		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		3.322.463	(17.983.502)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5	2.566.708	2.372.218
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(2.566.708)	(2.372.218)
		<u>3.322.463</u>	<u>(17.983.502)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Tengdir aðilar		(6.177.626)	13.643.506
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		2.833.788	4.286.644
		<u>(3.343.838)</u>	<u>17.930.150</u>
		<u>(21.375)</u>	<u>(53.352)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	6	(1.266.354)	(1.243.448)
		<u>(1.266.354)</u>	<u>(1.243.448)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		1.266.354	1.243.448
		<u>1.266.354</u>	<u>1.243.448</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(21.375)	(53.352)
		<u>1.226.401</u>	<u>1.279.753</u>
		<u>1.205.026</u>	<u>1.226.401</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsægjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsægjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2022	2021
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	386.000.000	338.000.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	2.566.708	2.372.218
	388.566.708	340.372.218

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	386.000.000	0	0	386.000.000
Fjárveiting til tekna	386.000.000	0	0	386.000.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(382.677.537)	0	0	(382.677.537)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	3.322.463	0	0	3.322.463

	2022	2021
3 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	267.946.303	250.227.634
Orlof, breyting	1.635.512	3.980.646
Launatengd gjöld	60.435.263	55.466.251
Starfsmannakostnaður	1.495.649	1.581.940
	331.512.727	311.256.471

Meðalfjöldi stöðugilda	15,8	15,3
------------------------------	------	------

	2022	2021
4 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	690.473	623.569
Ýmis tæki og áhöld	189.331	265.476
Orkugjafar	344.045	337.954
Matvæli	2.401.799	2.070.168
Almennar rekstrarvörur	148.045	195.672
Vörukaup, almenn	3.773.693	3.492.839
Ýmsar sérgreindar vörur	0	16.737
Vörukaup, sérgreind	0	16.737
Fundir, námskeið, risna	2.409.316	872.492
Ferðir, uppihald	1.958.147	1.501.315
Akstur	1.018.546	567.085
Sérfræðiþjónusta	2.173.886	782.430
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	25.551	22.084
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	942.595	932.794
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	5.034.230	5.298.290
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	13.562.271	9.976.490
Afnotagjöld	2.019.577	1.893.848
Leigugjöld	18.726.859	17.318.671
Notkun véla og flutningatækja	19.700	0
Verkkaup	5.578.264	4.218.003
Kostnaðarhlutdeild	7.482.195	7.807.767
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	33.826.595	31.238.289
Annar rekstrarkostnaður samtals	51.162.559	44.724.355

Skýringar

31.12.2022 31.12.2021

5 Afskriftir

Áhöld, tæki og búnaður	2.447.639	2.355.988
Aðrar eignir	1.700	2.383
Söluþap og úreltar eignir	117.369	13.847
	<u>2.566.708</u>	<u>2.372.218</u>

6 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	7.686.314	9.059.968
Aðrar eignir	75.846	2.546
	<u>7.762.160</u>	<u>9.062.514</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2022	24.877.773	44.224	24.921.997
Viðbætur á árinu	1.191.354	75.000	1.266.354
Selt/úrelt á árinu	(1.054.641)	(27.224)	(1.081.865)
	<u>25.014.486</u>	<u>92.000</u>	<u>25.106.486</u>
Afskriftir 01.01.2022	15.817.805	41.678	15.859.483
Afskrift ársins	2.447.639	1.700	2.449.339
Selt/úrelt á árinu	(937.272)	(27.224)	(964.496)
	<u>17.328.172</u>	<u>16.154</u>	<u>17.344.326</u>
Staða 31.12.2022	<u>7.686.314</u>	<u>75.846</u>	<u>7.762.160</u>

31.12.2022 31.12.2021

7 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	63.060.354	56.938.530
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	0	(1.463.415)
	<u>63.060.354</u>	<u>55.475.115</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	1.273.967	0
	<u>1.273.967</u>	<u>0</u>

Skýringar

8 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2022	31.12.2021
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	9.064.962	27.048.464
Afkoma ársins	3.322.463	(17.983.502)
Jöfnuður 31.12.	<u>12.387.425</u>	<u>9.064.962</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

9 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2022	31.12.2021
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingarfjárveitinga	7.762.160	9.062.514
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	9.235.762	9.102.116
	<u>16.997.922</u>	<u>18.164.630</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022	9.062.514	9.102.116	18.164.630
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	1.400.000	1.400.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	1.266.354	(1.266.354)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	<u>(2.566.708)</u>	<u>0</u>	<u>(2.566.708)</u>
	<u>7.762.160</u>	<u>9.235.762</u>	<u>16.997.922</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 2,2 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

10 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársloka 2025 og ótímabundna þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til næstu ára. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 20,1 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 10,2 milljónum.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.